

Nd.

339. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnnum er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda), er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir, en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra húsnáð og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum eftir fyrirætlun lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrirætlunum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnáði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirætlunum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50--10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.